

Kjarasamningur

Milli FH sem rekstraraðila íþróttahússins í Kaplakrika

og

VR

vegna

starfsfólks íþróttahússins.

Asgeir Jóhannes Gunnarsson



Frjálfildur Þorvaldur

Nína Eldon Geirsdóttir

1. grein.

Heimilt er rekstraraðila að skipuleggja vinnutíma starfsmanna á vöktum. Með vöktum er átt við reglubundin skipti vinnunnar á dag-, kvöld- og helgarvinnu. Vinnuvaktir skulu vera í samræmi við þær vinnuvaktir sem um hefur verið samið eða eins og um þær kann að semjast.

Heimilt er að breyta vöktum með minnst 30 daga fyrirvara án samþykkis starfsmanna ef sú breyting hefur ekki í för með sér kjaraskerðingu.

2. grein.

Vikulegur vinnutími skal vera 37,5 klst. á viku að jafnaði.

3. grein.

Vinna frá kl. 16:00 - 24:00 á virkum dögum greiðist með 33% álagi. Vinna frá kl. 24:00 - 08:00 greiðist með 45% álagi svo og öll vinna á laugardögum og sunnudögum.

Vinna umfram reglubundnar vaktir skulu greiðast með yfirvinnukaupi, þegar fullri vinnuskyldu er náð skv. kjarasamningi, þ.e. 170 klst. á mánuði.

Þeir starfsmenn sem ekki vinna á reglubundnum vöktum taka dagvinnu eða yfirvinnulaun skv. samningi þessum en að öðru leyti gilda ákvæði í almennum kjarasamningi VR

4. grein.

Um desemberuppbót skal vera sem hér segir á samningstímanum;

Á árinu 2011 kr. 85.700.-
Á árinu 2012 kr. 73.200.-
Á árinu 2013 kr. 75.000.-

5. grein.

Matar- og kaffihlé teljast til vinnutíma, enda ber starfsmanni að sinna aðkallandi málum þó í matartíma sé.

6. grein.

Starfsmaður á rétt á að sækja námskeið til að afla sér þekkingar sem nýtist honum í starfi án skerðingar launa í allt að hálfan mánuð á ári.

BJ
EM

7. grein.

Öllum fastráðnum starfsmönnum skal útvega vinnufatnað a.m.k. einu sinni á ári. Hér er um að ræða einn vinnugalla, inniskó og tvo stuttermaboli. Heimilt er að greiða skópeninga vegna skófatnaðarins hér að ofan kr. 5.920.- (árið 2011) á ári, sem tekur hækkunum miðað við almennar launabreytingar.

Starfsmaður skal skila þeim vinnufatnaði sem hann fékk síðast þegar hann lætur af störfum, nema um annað sé samið.

8. grein.

Laun starfsmanna skulu vera eftirfarandi;

Gildir frá 1. júní 2011

	Mán.laun.	Dagvinna	Yfirv.	33% ál.	45% ál.
Undir 20 ára	176.177	1.036,34	1.829,60	1.378,33	1.502,69
Eldri en 20 ára	179.745	1.057,32	1.866,65	1.406,24	1.533,12
E 1 ár í starfsgr	187.313	1.101,84	1.945,25	1.465,45	1.597,67
E 1 ár í fyrirt	214.360	1.260,87	2.226,00	1.676,95	1.828,26
E 3 ár í s fyrirt.	220.000	1.294,04	2.285,56	1.721,07	1.876,36
E 7 ár í fyrirt	207.211	1.218,89	2.151,89	1.621,12	1.767,39

Gildir frá 1. febrúar 2012

	Mán.laun.	Dagvinna	Yfirv.	33% ál.	45% ál.
Undir 20 ára	187.177	1.101,04	1.943,83	1.464,38	1.596,51
Eldri en 20 ára	190.745	1.122,03	1.980,89	1.492,30	1.626,94
E 1 ár í starfsgr	198.313	1.166,55	2.059,48	1.551,51	1.691,49
E 1 ár í fyrirt	207.359	1.219,76	2.153,42	1.622,28	1.768,65
E 3 ár í fyrirt	212.999	1.252,94	2.211,99	1.666,40	1.816,76
E 7 ár í fyrirt.	218.211	1.283,59	2.266,12	1.707,18	1.861,21

Gildir frá 1. febrúar 2013

	Mán.laun.	Dagvinna	Yfirv.	33% ál.	45% ál.
Undir 20 ára	198.177	1.165,75	2.058,07	1.550,44	1.690,33
Eldri en 20 ára	201.745	1.186,74	2.095,12	1.578,36	1.720,77
E 1 ár í starfsgr	209.313	1.231,25	2.173,72	1.637,57	1.785,32
E 1 ár í fyrirt	218.359	1.284,46	2.267,66	1.708,34	1.862,47
E 3 ár í fyrirt.	223.999	1.317,64	2.326,23	1.752,46	1.910,58
E 7 ár í s fyrirt.	229.211	1.348,30	2.380,36	1.793,24	1.955,04

BJ
GUM

Vegna óreglulegs matartíma greiðast 30 mín. fyrir hvern unninn dag, í yfirvinnu. Vegna ferða til og frá vinnustað eftir að strætisvagnar eru hættir að ganga skal greiða 10 km akstur skv. akstursgjaldi Ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

Starfsmaður á rétt á endurskoðun launa sinna þann 1. júlí ár hvert og skal þá taka mið af almennri launaþróun í starfsgreininni.

9. grein.

Kjarasamningur VR og vinnuveitenda gildir í öllum þeim atriðum öðrum en í samningi þessum greinir.

10. grein.

Samningur þessi hefur sama gildistíma og gildissvið og kjarasamningur VR og SA, með þeim forsendum og fyrirvörum sem þar eru.

Reykjavík

Samþykkt
f.h. rekstraraðila íþróttahúss FH.

Birgir Jóhannsson

Samþykkt
f.h. VR.

Blás Magnússon

*BJ
EM*

Bókanir 2011 um vaktkerfi

Aðilar eru sammála um að vaktakerfi breytist frá 20. maí - 20 ágúst ár hvert með samkomulagi milli aðila vegna sumaropnunar.

Aðilar eru sammála um að breyta vöktum með það að markmiði að starfsmenn röttera á vöktum , auk þess að lengja vaktafrí um helgar.

Aðilar eru sammála um að ef vaktir breytist, skulu nýtt fyrirkomulag berast undir VR til samþykktar.

Aðilar eru sammála um að á tímabilinu 20. maí til 20. ágúst verði breyting á skilgreindum verkefnum einstakra vakta vegna breytinga á rekstri. Í því sambandi er það alfarið í höndum rekstaraðila hvernig verk leggjast á milli vakta og einstakra manna enda verði álag ekki aukið frá því sem nú er.

Aðilar eru sammála um að aldrei færri en tveir og aldrei fleiri en þrír og hálfur starfsmaður verði í fríi að jafnaði á tímabilinu 20. maí til 20. ágúst. Starfsmenn verða búnir að leggja fram óskir sínar um sumarleyfi fyrir 1. febrúar. Fyrir 1. mars leggi rekstaraðili fram sínar tillögur um sumarleyfi starfsfólks í samræmi við framkomnar óskir eftir því sem kostur er.

Bókun 2011 um vinnufatnað

Aðilar eru sammála um að samráð verði haft milli aðila um val á vinnufatnaði.

BJ
Eun